

Vandamál einstæðra mæðra eru í flestum tilfellum áþekk. Einstæðir feður eru oft betur settir, bæði fjárhagslega og félagslega. Þeir eru yfirleitt eldri er þeir verða einstæðir, í eigin húsnæði og einnig er umhverfið jákvæðara og hjálplegra gagnvart þeim.

Sameiginlegt vandamál flestra einstæðra foreldra er ábyrgðin, það að hafa engan til að deila með ákvörðunum sínum og ræða við um þá erfiðoleika er koma upp. Það er heldur ekki hægt að skjóta sér undan ákvöðunartöku með "æ, greyið mitt, spurðu pabba/mömmu þinn/þína".

Einstæðar mæður er einnig oftast að finna í lægst launuðustu stéttum þjóðfélagsins og eru fjárhagsvandræði því stöðugur fylginautur þeirra.

Ef ættingjar og vinir hlypu ekki undir bagga er hætt við að mörg ógift stúlkan, sem elur barn yrði illa úti. Fæðingarorlof litið og illa greitt, meðlag greiðist ekki fyrr en meðlagsúrskurður liggur fyrir. Ef stúlkan er svo óheppin að faðir býr í annarri sýslu en hún sjálf, geta margir mánuðir farið í bréfaskriftir milli embættismanna í kerfinu áður en sá úrskurður liggur fyrir og það jafnvel þó að faðir gangist hið snarasta við barninu. Sé stúlkan enn óheppnari og geti ekki feðrað eða purfi einhverra orsaka vegna að fara í mál við föður fær hún ekki krónu greidda fyrr en málafelrum er lokið, sem tekur óratíma í okkar seinvirka dómskerfi, þannig að barnið getur verið orðið 3-4 ára gamalt áður en til meðlagsgreiðslna kemur. Auðvitað á meðlag að greiðast við fæðingu barns og Tryggingarstofnun ríkisins á síðan að eiga endurkröfurétt á hendur barnsföður, þegar að úrskurður liggur fyrir.

Til eru margar stúlkur, sem af misskilinni vorkunnsemi við barnsföður hafa aldrei fengið faðernisviðurkenningu á hreint og þiggja meðlag beint. Ef faðir síðan deyr eru börn þeirra réttlaus og verður þá jafnvel að höfða mál á hendur látnum mönnum til að ganga frá þessum málum.

Stórbokkar þjóðfélagsins lofuðu er umræður um fóstureyðinga-frumvarpið svokallaða stóðu sem hæst, að þeir skildu koma þessum börnum til manns. En hingað til hafa börn einstæðra mæðra ekki orðið södd af því loforði.

Stúlka, sem er að ná sér eftir barnsburð og er ekki svo heppin að hafa mannsæmandi fæðingarorlof hefur kr. 4.464.- á manuði til að lifa fyrir, það er mæðralaun. Fyrir þá upphæð greiðist auðveldlega fæði, húsnæði og annað sem þarf til lífsupphalds ??

Annað gleymist einnig er rætt er um væöstöðu einstæðra foreldra þ.e. hið tvö- jafnvel prefalda vinnuálag þeirra. Venjulega taka einstæðir foreldrar þá aukavinnu, sem þeir koma höndum yfir, vinnutekjur nægja venjulega ekki til framfærslu heimilis, heima biður "tómstundastarfið" öll heimilisverkin og það sem mestu máli skiptir andleg og líkamleg umönnun barna.

Heyrst hefur frá ráðamönnum þjóðarinnar að ekki megi búa það vel að einstæðum foreldrum að fólk beinlinis sækist eftir þeirri stöðu (sic). En aðstaða einstæðra foreldra er jafnframt aðstaða barna þeirra, það getur verið þjóðfélaginu auðveldara (ódýrara) að búa vel að þeim í dag, heldur en að greiða reikninginn seinna.

þóruuu      Fríðriksdóttir